



Fundargerð

Tilv. 1801077/2.10.1

Fundur: Grisjunarráð 10/2018.
Dagsetning og tími: 5. desember 2018, kl. 12.
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður
Mættir: Allir mættir
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs

Dagskrá:

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs dags. 5. nóvember 2018.
2. Grisjunarbeiðni Akureyrarbæjar dags. 26. október 2018 – beiðnir um gerð reikninga (málsnr. 1811050).
3. Grisjunarbeiðni Akureyrarbæjar dags. 26. október 2018 – beiðnir um að setja reikninga á kreditkort (málsnr. 1811051).
4. Grisjunarbeiðni Menntaskólans við Hamrahlíð dags. 13. nóvember 2018 – stundatöflur (málsnr. 1811128).
5. Grisjunarbeiðni Menntaskólans við Hamrahlíð dags. 13. nóvember 2018 – prófúrlausnir og símatsgögn (málsnr. 1811129).
6. Grisjunarbeiðni Landspítala dags. 21. nóvember 2018 – rannsóknabeiðnir (málsnr. 1811139).

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs dags. 5. nóvember 2018.

Fundargerð grisjunarráðs frá 5. nóvember 2018 samþykkt og undirrituð.

2. Grisjunarbeiðni Akureyrarbæjar dags. 26. október 2018 – beiðnir um gerð reikninga (málsnr. 1811050).

Beiðnin var samþykkt. Akureyrarbæ er heimilt að eyða umbeðnum beiðnum um gerð reikninga frá árinu 2007 og áfram þegar skjölin eru orðin sjö ára gömul. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi.



3. Grisjunarbeiðni Akureyrarbæjar dags. 26. október 2018 – beiðnir um að setja reikninga á kreditkort (málsnr. 1811051).

Beiðnin var samþykkt. Akureyrarbæ er heimilt að eyða umbeðnum beiðnum um að setja reikninga á kreditkort frá árinu 2003 og áfram þegar skjölin eru orðin sjö ára gömul. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi.

4. Grisjunarbeiðni Menntaskólans við Hamrahlíð dags. 13. nóvember 2018 – stundatöflur (málsnr. 1811128).

Beiðnin var samþykkt að hluta. Menntaskólanum við Hamrahlíð er heimilt að eyða stundatöflum nemenda og stofutöflum frá 1966–2018 þegar hagnýtu gildi er lokið með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn fimm stundatöflur á frá hverri önn. Beiðni um að eyða stundatöflum kennara er hafnað og skal varðveita þær í skjalasafni skólans. Forsenda ákvörðunarinnar er að stundatöflur nemenda innihalda upplýsingar sem hafa tímabundið gildi. Stundatöflur kennara varpa ljósi á störf kennara, umfang starfa og tímabil, sýna þróun í starfi skólans og áherslur í kennslu og skal því varðveita þær.

5. Grisjunarbeiðni Menntaskólans við Hamrahlíð dags. 13. nóvember 2018 – prófurlausnir og símatsgögn (málsnr. 1811129).

Afgreiðslu beiðnarinnar var frestað. Óskað er eftir nánari upplýsingum frá skólanum hvort að prófurlausnum hafi verið eytt áður og hvort að tekin hafi verið sýnishorn af þeim prófurlausnum. Þá er jafnframt óskað upplýsinga um framhaldsskóla sem hafa fengið heimild til eyðingar á prófurlausnum.

6. Grisjunarbeiðni Landspítala dags. 21. nóvember 2018 – rannsóknabeiðnir (málsnr. 1811139).

Beiðnin var samþykkt. Landspítalanum er heimilt að eyða umbeðnum rannsóknarbeiðnum frá 2013–2018 þegar hagnýtu gildi er lokið. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin hafa tímabundið gildi þar sem lokaniðurstaða er varðveitt í sjúkraskrá viðkomandi einstaklinga.

Fundi slitið kl. 13:08.

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)